



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í maí. Efni þarf að berast í síðasta lagi 3. maí 2021



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið í apríl:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Mínum á breyttan opnunartíma í sumar.

Frá og með 1. maí – 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga **LOKAÐ**




Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.

*Fylgjum fyrirmælum yfirvalda vegna
söttvarna - verið velkomin ☺*



Rafbókasafnið



Gegnir



leitir.is

Sundlaugin á Flúðum.



Lokað tímabundið vegna covid-19

Gleðilegt sumar

Sveitarstjórapistill

Aprílmánuður er runninn upp þó það sé nú miskalt „vor í lofti“ þá finnur maður að daginn er farinn að lengja og sólin farin að hafa sín áhrif á umhverfið og andann. Nú er rúmt ár liðið frá upphafi Kóvitsfársins en þá grunaði mann ekki að við sætum áfram í einhverri tegund af „Kóvitsúpu“ að ári liðnu. Sem betur fer horfir líka til vors í Kóvitmálunum og vonandi verðum við að mestu laus við þessa pest í sumar.

Við erum þó ekki laus við Kóvitdrauginn og nú fyrir páskana þá urðum við eins og aðrir að takmarka þjónustu sveitarfélagsins af ýmsum toga. Bitnaði það m.a. á leik- og grunnskóla en skólarnir eru sem betur fer komnir af stað aftur með óbreyttu sniði að mestu leyti. Það er mikilvægt að hafa í huga varðandi slíkar ákvarðanir að það þarf að reyna eins og kostur er að takmarka möguleg smitáhrif vegna nýrra veiruaufbrigða þó það hafi tímabundin óþægindi í för með sér.

Hins vegar tókst Flúðaskóla þó að halda sínar árshátíðir og gat unglingsstigið haldið sína „leiksöngvasýningu“ og ekki þurfti að fella hana niður eins og fyrir ári síðan. Það verður seint þakkað fyrir góð og frumleg vinnubrögð starfsmanna og nemanda Flúðaskóla við þessar sýningar allra aldurshópa í skólanum.

Nú er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2020 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu ef við verðum ekki fyrir miklum Kóvitroskunum. Sem betur fer þá var útkoman betri en við bjuggumst við og sveitarfélagið er rekið með nokkrum afgangi þrátt fyrir Kóvitáhrif. Það eru svo sem ýmsar ástæður fyrir því en bæði hefur blandað hagkerfi sveitarfélagsins þolað nokkuð vel Kóvitáhrifin og þá hafa aðgerðir ríkisins hjálpað til.

Nú er verið að gera klárt í framkvæmdir sveitarfélagsins og framkvæmdir að hefjast við hringtorg og tengdar framkvæmdir á Flúðum. Byrjað er að fella „skóginn“ þannig að torgið komist fyrir og verður seint sagt annað en það sé góður trjávöxtur á Flúðum. Þá er á leið í útboð framkvæmdir við lagningu hitaveitu frá Kópsvatnsholu niður að Flúðum en ákveðið hefur verið að fara samhliða í lagna- og jarðvegsframkvæmdir í Garðastíg en verkinu áfangaskipt þannig að verklok teygjast fram á sumarið 2022. Þá er einnig vatnstankurinn upp í Berghylsfjalli að fara í útboð þannig að það er nóg að gera í veituhlutanum.

Það er gaman að segja frá því að í fyrsta skipti þá tóku Hitaveitan og sveitarfélagið svokölluð græn lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að fjármagna framkvæmdir vegna nýtingar á heitu vatni frá Kópsvatnsholu og hreinsistöðvar og blágrænna ofanvatnslausna í Laxárhlið. Þetta var áhugavert ferli því þessar framkvæmdir þurftu að fara í gegnum ákveðið vottunarferli að um væri að ræða umhverfisvænar lausnir.

Þá er einnig gaman að sjá að í þéttbýlum á Íslandi eru Flúðir í öðru sæti varðandi lægsta orkukostnað heimila á Íslandi. Þetta má að mestu þakka lágu verði á heitu vatni en gjaldskrá Hitaveitu Flúða er næst lægst á Íslandi á eftir Seltjarnarnesi. Hins vegar ef tekið væri tillit til sérstakra gjaldskrárflokka Hitaveitu Flúða vegna garðyrkju og iðnaðar þá er næsta víst að Hitaveitan væri að bjóða fólki og fyrirtækjum ein bestu kjör sem þekkjast hér á landi til almennrar starfssemi. Heita vatnið er því „gullið“ okkar.

Nú er sveitarfélagið orðið formlega þátttakandi í verkefninu barnvænt sveitarfélag. Er það Unicef á Íslandi sem heldur utan um verkefnið með stuðningi velferðarráðuneytisins. Það verður gaman að vinna þetta verkefni áfram og hluti af góðri greiningu hvernig við stöndum okkur í þessum málaflökki og hvað má betur fara.

Það er gaman þegar nýir aðilar hefja starfssemi í sveitarfélaginu og nú hefur Almar Bakari opnað bakarí á Flúðum. Það er gaman að geta farið aftur í bakarí en ég er sannfærður um að þessi staðsetning í miðbænum er frábær og mun lífga upp á lífið og tilveruna. Varðandi viðurkenningar þá var Vínbúðin á Flúðum enn og aftur valin vínbúð ársins og vil ég óska Maju og starfsfólki til hamingju með verðskuldað lof. Það er því stutt á milli „snúðs“ og „veiga“ í ráðhúsumhverfinu.

Breytingar þurfti að gera varðandi embætti ruslamálaráðherra en sveitarstjórn skipaði nýjan ruslamálaráðherra og varð Gunnlaugur Emilsson fyrir þeim heiðri og getur því bætt ráðherranafnbót í starfsferlisskrána !!!

Að lokum er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 4 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar. Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatarstyrki til sveitarfélagsins og sérstakan styrk stjórnvalda en frestur til að sækja um þá styrki er til 1. maí nk. Upplýsingar og umsóknareyðublöð er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is.

Megum við síðan ganga samtaka til verks til að vinna bug á þessu veiruveseni.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá **14. júní** til og með **9. júlí** í sumar.
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2005–2007.

Umsóknir berist fyrir 30. apríl
á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang
petur@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600
eða Pétur í síma: 895 6603



Hvatagreiðslur.

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-,lista og tómstundaiðkunar skv.reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2021

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hrunamannahrepps, og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Atvinna

Almar Bakari óskar eftir starfsfólki á Flúðir, unnið er á vöktum 2-2-3, endilega hafið samband í síma 483-1919 eða

harpa86@gmail.com"



Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



LYFJA SELFOSSI

ÚTIBÚ LAUGARÁSI

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Atvinna—Sumarvinna.

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu við sundlaugina á Flúðum. Viðkomandi þurfa að hafa náð 18 ára aldri og ljúka sundlaugarvarðarprófi og skyndihjálparnámskeiði. Umsóknir berist til Péturs á netfang: petur@fludir.is fyrir 30. apríl nk. Allar nánari upplýsingar hjá Pétri í síma 895 6603 eða á netfang:

petur@fludir.is



Hvað er á döfinni?

Ha! göngu og skokk hvað?

Í maí verður haldið uppsveita námskeiðið: „Komast af stað“, og er það göngu og skokk námskeið sem fer að mestu fram í netheimum. Þátttakendur skrá sig í lokaðan fésbókarhóp og fá leiðbeiningar í formi myndbanda sem hjálpa fólki að komast af stað með reglubundna hreyfingu eftir Covid. Snúum vörn í sókn og hvetjum aðra til að vera með.

Gjafabréf verða í boði fyrir nokkra heppna sem skrá sig og klára námskeiðið. Hluti af námskeiðinu verður tengt virkri þátttöku með því að nota appið Strava til að skrá hreyfingu hvers og eins.

Hver og einn tekur þátt út frá sínum forsendum og markmiðið er að bæta heilsu sína. Fyrir þá sem það vilja þá endar námskeiðið á göngu- og skokkviðburði á Flúðum, þann 29. maí: Miðfells áskorunin með 3, 5 og 10 km göngu/skokk leiðum.

Verður þú með? Meira um þetta í næsta fréttabréfi og á fésbókarhópnum: Heilsuefandi Uppsveitir.



Sumarvinna.

Sumarstarfsmann vantar í Áhaldahús Hrunamannahrepps og hjá Hitaveitu Flúða. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Allar nánari upplýsingar hjá Hannibal í síma: 892 2084 eða á netfang: hannibal@fludir.is.

Tilnefningar til umhverfisverðlauna Hrunamannahrepps 2021

Umhverfisnefnd óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Hrunamannahrepps fyrir árið 2021. Hægt er að tilnefna einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og félagastarfsemi fyrir störf í þágu umhverfis í nær eða fjærumhverfi. Tilnefningar ásamt smá rökstuðningi óskast sendar á netfangið umhverfisnefnd@fludir.is fyrir 1. maí 2021. Einnig er hægt að skila tilnefningum í gegnum facebooksíðu Hrunamannahrepps í einkaskilaboðum. Umhverfisverðlaunin verða afhent 17. júní.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana

Heilsuind frá landsmá

Flokkunarhornið.

**Munið að ganga vel um gámasvæðið
og flokka rétt.**

„Umgengni lýsir innri manni“.



LANDSTÓLPI 20
ára
-2000-2020-

**Pú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímabantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

OPNUNARTÍMI LITLU MELABÚÐARINNAR

Föstudaga til Sunnudaga:

12-17

Mánudaga, Miðvikudaga og Fimmtudaga:

12-16:30

www.litlamelabudin.is

www.facebook.com/litlamelabudin

www.instagram.com/litlamelabudin/



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



Skólaakstur—Flúðaskóli

Laus er til umsóknar akstursleiðin: Tungufell, Haukholt, Hvítárdalur, Skipholt, Kotlaugar og Árbær, frá skólaárinu 2021 - 2022

Skólabílstjóri þarf að hafa öll tilskilin réttindi til aksturs farþega og bifreið sem notuð verður skal uppfylla kröfur sem gerðar eru til skólaaksturs sbr. reglugerð 656/2009. Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og þjónustulipur og hann þarf að hafa hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl n.k.

Nánari upplýsingar veitir skólustjóri í síma: 480 6610 eða netfang: johannalilja@fludaskoli.is.



Hrunamannahreppur

Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímabantanir í s: 8676580



Frá undirskrift um þátttöku sveitarfélagsins i verkefninu
„Barnvænt samfélag“



Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPÞJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir árið 2020, var haldinn föstudaginn 19 mars sl. í félagsheimilinu að Goðalandi í Fljótshlíð. Útfærsla fundarins var með óhefðbundnu sniði, vegna covid 19, salurinn hólfaður niður og veitingar í lágmarki. Fulltrúar úr Hrunamannadeild voru eftir kosningu á deildafundi, Páll Núpstúni (forfallaðist) í hans stað varamaður Jón á Berghyl, Bjarni Valur Skip-holti, Þorsteinn Haukholtum og deildarstjóri Jóhanna I. Hrafnkelsstöðum. Auk þess er Esther á Sólheimum í skoðunarnefnd, og gerði hún grein fyrir störfum hennar. Að venju fór Steinþór forstjóri yfir rekstur félagsins. Nú bar svo við að reksturinn var neikvæður, eftir jákvæða niðurstöðu undanfarin ár. Auðvitað hafði ástandið í þjóðfélaginu áhrif á þessa niðurstöðu. Þess má geta hér, að S.S. er samvinnufélag í eigu bænda, sem er, þrátt fyrir slakt ár 2020, í góðum rekstri og með mjög sterkan fjárhag. Á liðnum árum hefur félagið, eitt afurðafyrirtækja, greitt bændum samtals tæpar 300 mkr. viðbót á afurðaverð allra kjöttegunda, sem hlutdeild á afkomu félagsins og sýnt að það er í eigu bænda og vinnu fyrir bændur. Og megum við vera stolt af þessum árangri. Eftir þessa yfirferð forstjórans, hófust almennar umræður fundarfulltrúa, og sýndist sitt hverjum. Málflutningur sumra gekk svo langt, að reka skyldi helst allt stjórnar og framlínu fólk félagsins. Því miður er umræðan í þjóðfélaginu nú, oftar en ekki ósanngjörn, lítt ígrunduð, byggð á tortryggni og trú á flökkusögum, í stað þess að leita sannleikans og standa saman um betri framvindu mála. Auðvitað á að ræða málin, og finna góðar lausnir á vandanum, hverju sinni. En föllum ekki í þá óheillagryfju, að beita öllum okkar kröftum í, að finna einhvern, oft á tíðum ímyndaðan sökudólg, en gleymum um leið góðum áformum um það sem betur má fara. Það er nú einu sinni svo, sama hver félagsskapurinn er að hann er ekkert annað en við fólk, sem að honum stöndum, og er það því skylda hvers og eins félagsmanns, að tala af skynsemi um hann hverju sinni, en ekki með niðurrifsumræðu. Hef þetta ekki lengra að sinni, en vísa til nánari fréttu á heimasíðu S.S. Með kveðju og þakklæti fyrir samstarfið, og ósk um góð og aukin viðskipti við Sláturfélag Suðurlands.

Jóhanna B. Ingólfssdóttir deildarstjóri Hrunamannadeildar S.S.

Sumarvinna á tjaldsvæðinu.

Trog óskar eftir starfsfólki í sumarstörf á Tjaldmiðstöðinni. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf. Starfsmenn þurfa að vera 18 ára eða eldri. Umsóknir berist á tjaldmidstod@fludir.is fyrir 15. apríl. Allar nánari upplýsingar veitir Sesselja í síma 864 2776.





KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opið alla daga frá kl. 12.00 til 21.00.

Open daily from 12.00 to 21.00.

Borðarantanir eru í síma 486-6454 eða 846-9321

For reservations call 486-6454 or 846-9321

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur, þá minnum við á „take away“. Getum afhent matinn út í bíl, sé þess óskað.

As our seating capacity will be limited at least over the next few weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your car, if requested.

Verið velkomin! *Everyone welcome!*

**<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel
Tel. 486-6454/846-9321 – info@kaffisel.is**

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is